

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og séu vextir ekki notaðir að fullu, leggist afgangur þeirra við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða öðrum tryggum sjóðum eða verðbréfum.

60

25. apríl

## 5. gr.

Sambandsstjórnin semur árlega reikning fyrir sjóðinn. Skal hann fylgja aðalreikningum sambandsins til endurskoðenda og sæti allri sömu meðferð.

## 6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari eru háðar sömu reglum og lög sambandsins.

## 7. gr.

Nú er búnaðarsambandið rofið, og skal þá sjóðurinn, ásamt því, sem hann hefur aukizt, afhendast sýslunefnd Strandasýslu til umsjónar.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi er hún hefur verið samþykkt á aðalfundi sambandsins og af sýslunefnd Strandasýslu.

## G J A L D S K R Á

61

25. apríl

## fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

## 1. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn er leitt til frá vatnsveitunni, skal greiða vatnsskatt árlega þannig:

15% af fasteignamatsverði húsa, allt að kr. 30000.00, og 10% af því, sem umfram er.

Vatnsskattur má þó aldrei vera lægri en kr. 200.00. Séu 2 eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi skal vatnsskattur eigi lægri en kr. 200.00 fyrir hverja eina.

## 2. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki og aðra, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilis- og búsparfa, skal ákveðinn með samningi við hreppsnefnd Hvolhrepps.

## 3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattauka svarar, þótt hún (húsaleigan) hafi áður verið ákveðin.

## 4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. maí ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár.

## 5. gr.

Vatnsskattur má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

- 61 25. apríl Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rang-  
árvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr.  
lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað  
og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. apríl 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gísli Jónasson.*

- 62 27. apríl

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

### A. Stjórn og rekstur.

#### 1. gr.

#### *Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Siglufjarðar er fyrirtæki, sem Siglufjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Siglufjarðarkaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Siglufjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

#### 2. gr.

#### *Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Siglufjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í Siglufjarðarkaupstað með því að vinna raforku sjálf í eigin orkuverum, eða afla hennar á annan hátt, ef hentugt þykir, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Siglufjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

#### 3. gr.

#### *Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn, eftir sömu reglum og aðrar fastar nefndir bæjarstjórnarinnar. Kjósa skal jafnmarga varamenn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

#### 4. gr.

#### *Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald